



Félag frístundahúsaeigenda í Hraunborgum  
v/t Heiðbrá Guðmundsdóttir  
[heidbra1@gmail.com](mailto:heidbra1@gmail.com)

Borg, 4. maí 2020

**Efni: Beiðni um styrk.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, þann 22. apríl s.l. var tekinn fyrir tölvupóstur yðar þar sem óskað er eftir styrk til snjómoksturs þar sem veturinn hefur verið mjög erfiður.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**6. Beiðni um styrk frá Félagi frístundahúsaeigenda í Hraunborgum vegna snjómoksturs í hverfinu.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk frá Félagi frístundahúsaeigenda í Hraunborgum vegna mikils snjómoksturs í hverfinu nú í vetur. Styrkbeiðnin er að fjárhæð kr. 250.000. Sveitarstjórn tekur undir með stjórn Hrauns, félags frístundahúsaeigenda í Hraunborgum, að veturinn hafi verið mjög snjóþungur og erfiður. Í ár líkt og undanfarin ár lét Grímsnes- og Grafningshreppur moka öll frístundahúsahverfi í sveitarfélaginu um páska. Ekki er gert ráð fyrir frekari fjármunum vegna moksturs frístundahúsahverfa í sveitarfélaginu og sveitarstjórn hafnar því erindinu.*

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI  
GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPS

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri